



Handverkstæðið Ásgarður  
B.t. Heimir Þór Tryggvason  
Álafossvegur 24  
270 Mosfellsbær

Reykjavík 10. september 2020

**Efni: Starfsleyfi til að þessa að veita þjónustu samkvæmt lögum nr. 38/2018.**

Vísað er til umsóknar Handverkstæðisins Ásgarðs sjálfseignarstofnunar, kt. 610396-2679, dags. 24. maí 2019. Forsvarsmaður umsóknar er Heimir Þór Tryggvason, kt. 230160-4579, forstöðumaður Handverkstæðisins Ásgarðs.

Umsóknin byggir á 7. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og reglugerð um starfsleyfi til einkaaðila sem veita þjónustu við fatlað fólk nr. 856/2020.

Sótt er um starfsleyfi til að reka atvinnu- og hæfingartengda þjónustu sem byggir á 2. tl. 1. mgr. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og 1. og 2. mgr. 24. gr. sömu laga.

**I. Gögn sem tekið var mið af við meðferð og ákvörðun um veitingu starfsleyfis.**

**1. Sakaskrá umsækjanda.**

Sakavottorð er dags. 5. júní 2019. Ekkert brot er skráð á sakavottorð.

**2. Rekstur þjónustunnar.**

- *Samþykktir:* Samþykktir Handverkstæðisins Ásgarðs, undirritaðar í júlí 2019, eru í samræmi við þá starfsemi sem sótt er um starfsleyfi fyrir.
- *Ársreikningar:* Ársreikningar félagsins fyrir árin 2018 og 2019 gefa ekki til kynna að starfsleyfi skuli ekki veitt.
- *Þjónustusamningar:* Þjónustusamningur við Reykjavík gildir frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2020. Þjónustusamningur við Mosfellsbæ gildir frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2022. Samkvæmt þeim virðast rekstrartekjur vera tryggar.

**3. Húsnæði.**

- *Eldvarnir:* Samkvæmt eldvarnarskoðun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins sem gerð var þann 30. apríl 2019 voru eldvarnir viðunandi þegar skoðun fór fram.
- *Aðgengi:* Í gögnum kemur fram að skábrautir séu til staðar að vinnustofum, þar sem það á við. Salerni fyrir fatlaða eru einnig til staðar.
- *Ástand mannvirkja:* Í gildi er leyfi heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis til að starfrækja trésmíðaverkstæði og mótuneyti. Útgáfudagur leyfis er 10. október 2017 og gildir það til 10. október 2029. Heilbrigðiseftirlitið framkvæmdi húsnæðisskoðun þann 26. nóvember 2018 með hliðsjón af ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og nr. 103/2010 um hollustuhætti er varða matvæli. Brugðist var við frávikum og athugasemdum

og slíkt staðfest þann 29. maí 2019 og telst húsnæðið þar af leiðandi fullnægja kröfum um hollustuhætti.

#### 4. Þjónustan og notendur

- *Þjónustan*: Þjónustan byggir á 2. tl. 1. mgr. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og 1. og 2. mgr. 24. gr. sömu laga. Handverk er uppistaða starfsins en notendur leggja hönd og trésmíði, vefnað og vinna með bein, steina, horn og fleira.
- *Notendur*: Notendur eru með ýmsar fatlanir en flestir eru þó með þroskahömlun. Notendur þjónustunnar fara mjög sjaldan út á almennan vinnumarkað þó það hafi komið fyrir og þá í atvinnu með stuðningi. Algengt er að fatlaðir starfsmenn sem hafa farið út á almennan vinnumarkað snúi aftur.
- *Fjöldi stöðugilda*: Ásgarður er með samning við Reykjavíkurborg um verndaða vinnu, hæfingu og starfsþjálfun sem svarar til 11 stöðugilda og eru 17 einstaklingar sem nýta þau. Samningur milli Ásgarðs og Mosfellsbæjar gerir ráð fyrir sama fjölda stöðugilda og eru 16 einstaklingar sem nýta þau. Mosfellsbær hefur gert samning við Kópavog og Hafnarfjörð um nýtingu á sex stöðugildum í Ásgarði.
- *Laun starfsfólks í verndaðri vinnu og hæfingu*: Varðandi laun einstaklinga kemur fram að laun séu samkvæmt samningi Hlutverks og ASÍ um 30%, 60% og 90% reglunnar. Hér er vísað til *Stofnanasamnings milli Eflingar – stéttarfélags annars vegar og Ásgarðs* (o.fl.) dags. 5. júní 2008. Enginn starfsmaður nái þó að uppfylla þær kröfur sem gilda um samninginn. Þess í stað fá starfsmenn greiddar þóknanir frá 5.000-15.000 kr. á mánuði, matar í vinnutíma og nokkurra skemmtana yfir árið. Þeir sem eru í starfsþjálfun séu ekki á launum.

#### 5. Starfsmannamál

- *Starfsfólk, aðrir en notendur*: Í Ásgarði starfa 10 starfsmenn sem aðstoða notendur við vinnuna. Það er metið hverju sinni hversu margir starfsmenn eru ráðnir til starfa sem aðstoðarmenn fyrir notendur. Í hópnum starfa einn íþrótt- og félagsmálafræðingur, einn leikskólakennari, fimm með iðn- eða tæknimenntun, tveir ófaglærðir auk matráðs.
- *Áhættumat*: Unnið var áhættumat fyrir starfsemi Handverkstæðisins Ásgarðs, , dags. 19. júní 2019. Þar er meðal annars sett fram stöðluð vinnuverndarstefna, ábyrgðaraðili fyrir henni og hvernig henni skuli fylgt eftir. Samkvæmt því sem þar kemur fram er vinnuumhverfið í góðu lagi.

#### 6. Umsögn notendaráðs

Umsögn notendaráðs fatlaðs fólks í Mosfellsbæ, dags. 6. febrúar sl., er jákvæð.

## II. Hugleiðingar og ábendingar varðandi starfsemi Ásgarðs

### 1. Húsnæði

Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að brunavarnir séu virkar og að haft sé reglubundið eftirlit með þeim sbr. lög um brunavarnir nr. 75/2000. Virkt eldvarnareftirlit er sérstaklega mikilvægt í húsnæði þar sem einstaklingar í viðkvæmri stöðu dvelja. Ávallt skal hafa gott aðgengi í og við mannvirki og er það sérstaklega mikilvægt í húsnæði og öðrum mannvirkjum sem nýtt eru fyrir þjónustu við viðkvæma hópa. Sjá nánar t.d. ákvæði byggingareglugerðar nr. 112/2012 um algilda hönnun. Óþarfa dót og hlutir í húsnæði sem og slakur frágangur geta hamlað aðgengi og ógnað öryggi íbúa ef vá ber að höndum eins og til dæmis eldsvoði.

## 2. Þjónustan og notendur

Samkvæmt stofnanasamningi Eflingar og Ásgarðs skal framkvæma starfsgetumat við fastráðningu og svo eigi sjaldnar en einu sinni á ári eftir það. Samningurinn kveður einnig á um að í starfsþjálfun skuli greidd 30% af launum fyrstu 2 mánuði í þjálfun og eftir það geti hlutfall launa hækkað samkvæmt mati. Fram hefur komið að enginn starfsmaður Ásgarðs sem er þar í verndaðri vinnu eða starfsþjálfun uppfylli kröfur um lágmarksstarfsgetu samkvæmt stofnanasamningnum. Bent er á mikilvægi þess að starfsgetumat samkvæmt stofnanasamningi fari fram reglulega fyrir þá sem njóta þjónustu Ásgarðs.

Alls rúmast 22 stöðugildi fyrir notendur innan samninga þeirra tveggja sveitarfélaga sem nú eru með samning við Ásgarð. Þau eru nýtt af 33 einstaklingum. Verið getur að fjöldi þeirra sem fylla stöðugildin breytist lítillega, með hliðsjón af starfshlutfalli.

Mikilvægt er að einkaaðili sem veitir þjónustu við fatlað fólk sinni innra eftirliti, en hluti af framkvæmd þess getur til dæmis falist í þjónustukönnun meðal notenda. Nýlega birti Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar gæðaviðmið fyrir félagslega þjónustu við fatlað fólk. Gæðaviðmiðin má nálgast á vefsvæði Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar [www.gef.is](http://www.gef.is). Gæðaviðmiðin má meðal annars nota sem tæki í verkfærakistu þjónustuaðila við að leggja mat á eigin þjónustu.

## 3. Starfsmannamál

Í Ásgarði starfa 10 starfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn. Ekki er gerð athugasemd við það að fjöldi notenda breytist lítillega með hliðsjón af því sem fram kemur í 2. tl. en bent á að gætt sé að því að mönnun sé í samræmi við þarfir notenda hverju sinni og þá bæði með tilliti til faglegrar hæfni og fjölda starfsfólks.

Mikilvægt er að vinnuverndarstarf sé samþætt daglegu starfi Handverkstæðisins Ásgarðs með virkri þátttöku stjórnenda og starfsfólks. Huga skal að öllum þáttum sem geta haft áhrif á líðan, heilsu og öryggi starfsfólks, hvort sem það eru notendur eða annað starfsfólk. Meðal annars er mikilvægt að huga að þeim þáttum vinnuverndarlaganna sem snúa að aðgerðum gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Góð vinnuregla er að til staðar séu skýrir verkferlar sem miða að því að vernda starfsfólk gegn alvarlegum atvikum sem geta skaðað þann sem fyrir þeim verður. Halda skal skrá yfir alvarleg atvik þannig að það megi læra af þeim og koma í veg fyrir að þau endurtaki sig. Á vef Vinnueftirlitsins má finna ýmsar leiðbeiningar sem styðjast má við.

Huga þarf að og leitast við að verkferlar séu endurskoðaðir reglulega og uppfærðir eftir þörfum.

## III. Afgreiðsla starfsleyfisumsóknar Ásgarðs

Samkvæmt þeim gögnum sem aflað hefur verið fæst ekki annað séð en að umsækjandi uppfylli skilyrði til að veita þjónustu samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og 1. og 2. mgr. 24. gr. sömu laga. Þjónustan tekur til stoðþjónustu í formi verndaðrar vinnu, hæfingar og starfsþjálfunar.

#### IV. Annað

Hér hefur verið vakin athygli á nokkrum þeim atriðum sem miða að því að viðhalda og auka gæði þjónustunnar. Að öðru leyti skal tekið fram að starfsleyfishafa ber að uppfylla samninga sem gerðir eru um starfsemina og þau lög og reglugerðir sem yfir hana ná.

Vakin er athygli á því að sækja þarf um starfsleyfi fyrir alla þjónustu sem veitt er samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk nr. 38/2018 sem og alla þá þjónustu sem hefur að meginmarkmiði að veita fötluðu fólki sértæka aðstoð eða þjónustu. Hyggist starfsleyfishafi reka aðra starfsemi en þá sem starfsleyfi þetta tekur til þarf að sækja um starfsleyfi vegna hennar áður en að hún hefst en óheimilt er að hefja starfsleyfisskylda starfsemi áður en starfsleyfi hefur verið gefið út.

Að lokum er minnt á að starfsleyfishafa ber að tilkynna allar breytingar sem geta haft áhrif á forsendur eða skilyrði útgáfu starfsleyfis til Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar, sbr. einnig reglugerð um starfsleyfi til einkaaðila sem veita þjónustu við fatlað fólk. Jafnframt ber að tilkynna sveitarfélagi um breytingarnar, sé þjónustan veitt á grundvelli þjónustusamnings við sveitarfélag.

Mosfellsbær fær tilkynningu um útgáfu starfsleyfis þessa.

Virðingarfyllt,

f.h. Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar

Rosa Guðrún Sölberg

Afrit: Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar